



Hvað er málið?

Verðbólgan brennir upp launahækkunar sem við berjumst fyrir, minnkar kaupmátt launa og hækkar greiðslubyrðina af lánunum okkar. Ekkert gagnast betur í kjarabaráttu í dag en stöðugleiki með lágrri verðbólgu. Að sama skapi kemur ekkert jafn illa við pyngju launafólks og há verðbólga.

Kaupmáttur

Kaupmáttur lægstu launa hefur aukist á yfirstandandi samningstíma og hluti launafólks hefur notið meiri launahækkana en samkvæmt kjarasamningi. Kaupmáttur meirihluta launafólks jókst því á árinu 2012. Það er hins vegar áhyggjuefni að vegna mikillar verðbólgu minnkaði kaupmáttur margra á árinu og að óbreyttu eru horfur í verðlagsmálum dökkar á komandi mánuðum. Því skiptir miklu máli að verðbólgan verði hamin, einkum með meiri stöðugleika á gengi krónunnar en jafnframt með aðhaldi á þróun verðlags, þ.e. að aðilar velti ekki hækkunum jafnóðum út í verðlagið heldur leggist á eitt til að vinna bug á verðbólgunni



Alþýðusamband Íslands

Sæturni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Verðbólgan er versti
óvinur launafólks



Krónan

Mikilvægt er að ná samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og peningamála á næstu mánuðum sem lagt geti traustari grunn að lækkun verðbólgu og jafnari starfsskilyrðum atvinnulífsins. Byggja má slíka samstöðu á nýlegu þverpólitísku samkomulagi um mótun peningastefnu ásamt því að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta verði endurmetin.

Þá er mikilvægt að meta kosti þess að ná auknum stöðugleika í gengismálum og að jafna starfsskilyrði atvinnulífsins með því að festa gengi krónunnar líkt og við gerðum með þjóðarsáttinni árið 1990, á meðan við búum við gjaldeyrishöft. Slík stefna gæti einnig verið mikilvægur undirbúningur að upptöku evru ef þjóðin ákveður að samþykka aðildarsamning að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.



Átak í verðlagsmálum

ASÍ og SA ákváðu við endurskoðun kjarasamninga að beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags, með aukinni samkeppni á neytendamarkaði og aðhaldi í verðhækkunum fyrirtækja og gjaldskrárhækkunum opinberra aðila. Samkomulag er um að skoða einstaka þætti verðmyndunar, m.a. skatta og tolla.

ASÍ hefur því hrundið af stað átaki í verðlagsmálum undir heitinu Vertu á verði. Markmið átaksins er að draga úr verðbólgu og tryggja þannig aukinn kaupmátt. Verkefnið beinist að því að; auka aðhald með verslunum og þjónustuaðilum með auknu eftirliti verðlagseftirlits ASÍ; veita opinberum aðilum aukid aðhald með úttektum og greinaskrifum; birta fréttir og úttektir um verðlagsmál og síðast en ekki síst að virkja almenning til þátttöku í gegnum heimasíðu átaksins: vertuaverdi.is



Bætt vinnubrögð við samningagerð

ASÍ og SA eru sammála um að stytta samningstímamann í gildandi kjarasamningum um tvo mánuði eða til 30. nóvember 2013. Þá vilja ASÍ, SA og aðilar opinbera vinnumarkaðarins bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Í því samhengi telur ASÍ mikilvægt að við leitum fyrirmýnda hjá nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að hefja nú þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga, þar sem meginsteifið er sameiginleg sýn á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Þessari sameiginlegu sýn þarf að ná á allra næstu mánuðum þannig að hún verði leiðarljós í komandi kjaraviðræðum. Þannig stígum við skref til bættra líf skjara.